



Í SKUGGA VALDSINS
#METOO

SÖGUR FRÁ KONUM Í STJÓRN MÁLUM



Í SKUGGA VALDS

#metoo

Við erum hættar að þegja!

1. Þú hefur ekkert með það að gera með að fara í framboð sagði þéttur karlkyns frambjóðandi við mig. Hann hélt áfram - þu þarft hið minnsta að létta þig um 20 kíló - svo þarftu nú að lækka röddina um nokkur desíbil; það vill engin öskrandi konur á þing. Svo verður að hafa eitthvað sexapíl.
2. Ég gæti talið upp ótal atvik, þar sem lítið var gert úr mér, mér ýtt til hliðar og sagt hreinlega að ég hefði ekki vit á ýmsu, sem ég vissi fullvel að ég var betur inn í en sá sem talaði. Ég lenti í ágangi, símtölum og var krúð af í hornum þar sem ég t.d í eitt sinn var gert ljóst að ég ætti að vera "góð" við viðkomandi, þá myndi mér ganga betur. Treysti mér ekki til að segja frá alvarlegustu atvikinu, en það varð í raun til þess að ég hætti nánast afskiptum af pólitík og flutti úr bænum mínum. Þegar umræðan í kringum #metoo# hófst, gróf ég í skúffunni minni og tók upp gullfallett armband sem ég hafði ekki notað síðan þetta allt gekk yfir. Það er núna á úlnliðnum mínum og ég vil muna, fyrirgefa ungu stúlkunni barnaskapinn og trúgirnina og ég, nú komin að sjötugu, get hætt að bera innra með mér þessa skömm og kenna mér um að ég varð aldrei nema efnileg og skila af mér áratuga langri skömm. Ég var flott ung stúlka og kona og átti ekki að láta brjóta mig niður.
3. Ónefndur fyrrum formaður stjórnálflokks á einstaklega erfitt með að halda augum sínum í augnhæð þegar hann á í samskiptum við konur. Við virðumst allar vera með eitthvað sull á brjóstunum. ÓGÉÐ! og óþolandi.
4. Eftir umræðu í borgarstjórn þar sem ég talaði fyrir því að borgarstjórn álykta gegn klámráðstefnu sem var fyrirhuguð á vegum erlendra aðila. Þverpólitísk samstaða náðist en þegar ég kom heim biðu mín grófar nauðgunarhótanir

sem lögreglan m.a. rak í tölvu starfsmanna á líkamsrættastöð, engin leið var að finna út hver bæri ábyrgð á þessu. Næstu mánuði var ég extra vör um mig enda bjó ég á jarðhæð og var oft ein heima með lítið barn. Ég lét eins og þetta hefði ekki haft áhrif á mig út á við en mér stóð ekki á sama og hugsaði mig tvisvar um áður en ég fór í umdeild mál. Ég hélt samt áfram að berjast í sömu málum og lét þetta ekki stoppa mig en ég vissi nú að fórnarkostnaðurinn gæti verið öryggi mitt.

5. Var með þáverandi kærastanum mínum á fjármálaráðstefnu sambands íslenskra sveitaf. Á fimmtudeginum var fengið sér öl; mikil gleði í mannskapnum. Ég þarf að fara upp á hótélherbergi; fer í lyftuna - stjórnmalamaðurinn happar inn í lyftuna. Við spjöllum, hann lætur mig vita að honum þykir ég séxý, króar mig af í lyftunni, strukur upp kjólinn endar á brjóstinu og ég frosin þegar hann rekur upp mig tunguna. Lyftan stoppar og hann biður mig að koma með inn á hæðina því hann þurfi bara að fá að ríða mér- ég sé búin að stríða honum nóg og lengi.

Sem betur fer kom kona að lyftunni og spurði hvort ég væri með dömubindi. Ég laug og sagðis vera með upp á herbergi. Hún kom með mér upp; marg spurði hvort allt væri í lagi því ég labbaði svo hratt. "Fann ekki" bindi og dróg hana með mér niður þar sem við gengum beint á konuna hans sem spurði eftir manninum sínum... ég ung og hrædd - sagðist bara ekkert eftir að hafa séð hann.

6. Frá því að mér var bætt í þennan hóp í morgun hef ég verið mjög hugsí um reynslu mína af stjórnmalum og ofbeldi þar innan. Ég las hverja færsluna á fætur annarri sem ég gat vissulega, sem kona, tengt við. Samt fannst mér ég ekki passa inn í þessar frásagnir og ég á erfitt með að skrifa undir yfirlýsinguna vegna þess að mér finnst hún endurspegla of þröngan veruleika. Ég slökkti því á tilkynningunum fyrir hópinn og ákvað að verja ekki orkunni minni í að láta þetta trufla mig að sinni.

Svo las ég færsluna frá xx og skipti um skoðun. Ég hef ekki orku um þessar mundir til þess að kafa djúpt í þessa reynslu en get raunar skipt út orðinu 'útlensk' fyrir fötluð í pistlinum hennar xx og lýst svipaðri reynslu. Í stjórnmálum var ég ekki bara kona heldur ung fötluð kona. Þegar ég bauð mig fram fann ég það sterkt að mörgum fannst ég bara vera með krúttlegan gjörning. Á alþingi var aðgengi fyrir mig víða mjög erfitt og sumir þingmenn (af öllum kynjum) sögðu mér stöðugt hvað ég væri dugleg, vildu vita hvort ég væri ekki þreytt, klöppuðu mér á kinnina, hrósuðu mér fyrir að vera 'máluð og allt' og lýstu undrun sinni á að ég gæti sagt eitthvað gáfulegt (sérstaklega ef það var um eitthvað annað en fatlað fólk). Aðstoðarkonum mínum var bannað að vera hér og þar í þinghúsinu þó svo að ég þyrfti aðstoð þeirra og þurftum við að berjast fyrir því að látið yrði af þeim reglum. Á vettvangi stjórnlagaráðs og þegar ég tók þátt í flokkapólitík gat ég aldrei verið viss um að aðgengi að viðburðum (til dæmis félagslegum) væri í lagi sem gerði það að verkum að ég þurfti oft frá að hverfa.

Kynferðisofbeldi? Já. Sexismi? Já. Ableismi? Já. Smánun? Já. Athugasemdir um útlit mitt? Já. Útilokun? Já. Hatursorðræða um mig, verk mín og líkama á netinu? Já. Að láta mig upplifa mig sem byrði á pólitískum vettvangi? Já. Ég get tikkað í öll þessi box og fleiri til. Birtingarmyndirnar eru þó stundum ólíkar út frá reynsluheimi mínum sem fötluð kona. Gerendahópurinn vissulega oft ófatlaðir og fatlaðir karlar en líka ófatlaðar konur. Allt það fólk þarf að axla ábyrgð. Mitt helsta bakland var í hópi fatlaðs fólks, einkum kvenna. En líka í hópi samflokksfólks og ekki síður karla.

Ég er virkilega þakklát öllum þeim sem hafa haft hátt og fyrir þennan hóp. Það er þó mjög mikilvægt, ef við ætlum að ráðast að rót ofbeldismenningar, að gleyma alls ekki að þolendur hennar eru í ólíkri valdastöðu og með mismunandi lífsreynslu í farteskinu. Það hefur áhrif á birtingarmyndir ofbeldis og hvernig við vinnum gegn þeim.

7. Var á ferð með þingflokknum um landið þegar ákveðið var að fara á ball. Við vorum öll keyrð í rútu. Ég kom inn í rútna og þar voru engin sæti laus. Þá grípur einn þingmaður flokksins og síðar ráðherra (giftur) í mig og skellir mér í fangið á sér um leið og hann segir "hún er sætasta stelpan á ballinu"!

8. Síðan ég byrjaði að starfa í pólitík hafa nokkrir menn úr stjórn mála flokknum, og þá flestir giftir menn verið að senda mér skilaboð á kvöldin. Menn gera sér upp misjöfn tilefni til þess að hafa samband. Segjast vilja hjálpa mér ef mig vanti einhverja hjálp t.d. Ég velti því fyrir mér hvort að þeir vilji eiga inni hjá mér greiða eða hvort þeir séu að sýna að þeir séu valdameiri. Svo koma komment eins og: þú ferð nú í framboð er það ekki? Þú hefur allavega kinnbeinin í það. (já stelpur, þið sem eruð með kinnbein, drífið ykkur í framboð!) Svo hef ég líka fengið: þú ert nú með röddina í það, oh þessi rödd! Einn af þessum mönnum veit ég til að hefur verið að hafa samband við fleiri ungar konur í flokknum. Já ég er einhleyp, ung kona, en ég gekk ekki inn í stjórn málastarf til þess að hafa ofan af fyrir giftum mönnum sem eru ef til vill orðnir leiðir á konunum sínum.
9. Eitt sinn, sem oftast, var ég í borgarstjórn. Ég vann mikla vinnu og lagði fram tillögu um aukna áherslu á verkmenntun í 10 liðum. Ég lagði hana inn á dagskrá eins og reglur kveða á um. Daginn fyrir borgarstjórn hringir einn borgarfulltrúinn seint um kvöld og byrjar að öskra á mig í símann. Að hann eigi að leggja þessa tillögu fram. Að hann sé fulltrúi hópsins í menntamálum. Að hann sé ofar á listanum. Að ég eigi að hlýða. Og hann eigi að flytja þessa tillögu. Öskrandi allan tímann.
10. Ég var einu sinni í Finnlandi á UNR sem er Ungmenna þing Norðurlandaráðs sumsé þvert á alla flokka þegar ég mæti í kjól og hælum fyrir dinnerinn segir hann NEI loksins sexy og sæt kona í vinstri pólitík, sama kvöld talaði hann við nokkra aðra stráka um þetta og í hvert skipti sem ég og sænsk vinkona mín gengum nálægt honum þá þurfti hann að kommenta á útlit okkar. Óþolandi og gerði mig alltof meðvitaða um sjálfa mig, áttum svo eftir heilan dag af þinginu og ég meikaði bara ekki að tjá mig daginn eftir á fundinum. Annars á svipuðum event sat ég með nokkrum ungum konum af öllum flokkum þar sem var farið yfir hvaða þingmenn væru mestu perrarnir á þessum þingum.

Það er því miður þannig að flestar af ungu konunum sem taka þátt í þessum þingum hafa lent í perraköllum og sumar hafa bara mjög grófar og ógéðslegar sögur. Margar hafa fengið beina hótun um að pólitískur ferill þeirra yrði bara ekki að neinu ef þær væru ekki til í að borga fyrir það einhvernveginn

11. Eftir umræðufund um málefni tengt Íraksstríðinu hélt hópurinn á bar og þar sem ég sat og ræddi við stjórnámálamenn tvo og einn vin þeirra um mál fundarins, fór vinurinn upp úr þurru að benda á hvað ég væri með fallega brjóstaskoru. Mér þótti þetta augljóslega óþægilegt og bað hann um að hætta þessu, en hann hélt áfram. Ég sat þarna klemmd á milli mannanna, enginn kom mér til varnar, ég fór. Hvað hafði eiginlega gerst, í miðri málefna umræðu var ég á svipstundu orðin hlutur í augum þriggja manna. Ég á fleiri svona sögur.

12. Einu sinni stakk ég uppá því í jafnréttisnefnd að nefndin skoðaði möguleika þess að setja konu í stað karls á nokkur valin gönguljós borgarinnar. Fréttamenn fjölluðu um málið, umsvifalaust fylltust kommentakerfi netsins þar var rætt hvað gera ætti við svona tilgangslausa stjórnmalakonu. Þar var ýmislegt lagt til, margt snéri að því að koma vitinu fyrir mig á ýmsa vegu, enda áttu konur augljóslega ekkert með að vísa fólki veginn, hvorki yfir götur né annarstaðar.

13. Þegar maðurinn sem ætlaði sko að ala þig upp og tók sér stöðu mentors gagnvart þér ungri í pólitík, byrjaði að áreita þig í nokkur ár en varð aldrei ágengt, snýst gegn þér og vinnur markvisst í að bola þér út en tekst aldrei er settur í uppstillinganefndina.

Í kjölfari tekur þú tekur ákvörðun um að hætta í stjórnmalum svo hann hafi engin völd lengur gagnvart þér og þinni framtíð.

En hann vinnur samt.

Þeir vinna alltaf.

- 14.** Er komin fram sagan af karlkyns borgarstjóranum sem fór með gamanmál í fjölmennri veislu í Viðey á vegum borgarinnar? Þar fjallaði hann um „gangtegundir“ kvenna. Þær hafa nefnilega bara tvenns konar gang: frekjugang og yfirgang. Þetta var á þessari öld notabene.
- 15.** Mætt á fund og stend við fundarborðið þar sem sumir eru sestir og aðrir ekki. Allt í einu grípur hátt settur karl um mjaðmirnar á mér aftan frá og kreistir. Mér brá svo að ég öskraði upp og hann kippir höndunum að sér og fer að hlægja sem og aðrir sem þarna voru. Hann horfði á mig og sagði „ég stóðst þetta bara ekki“ ...
- 16.** Karlframbjóðandi/þingmaður tók að sér að vera ræðumaður kvöldsins á eldrikarlakvöldi í íþróttafélagi. Hann ákveður að þar sé tækifærið til að deila visku sinni og háttsemi og útnefna þá samstarfskonu á þingi sem hann vildi helst sofa hjá. Þegar hann var búinn að því bætti hann í og sagði helsta kost lágvaxinnar samflokkskonu sinnar vera þá að hún þyrfti ekki einu sinni að fara á hnén fyrir formanninn...
- 17.** Í nefnd stoð eg upp og rissaði skyringar á „töflu,, til að fylgja eftir tillögu minni - sem var samþykkt. Í lok fundar vatt sér að mér bogarfulltrúi og sagði eitthvað á þessa leið. Flott þarna aðan. Rosalega sexy, en þu ert það nu alltaf. Vonbrygðin voru mikil því eg helt hann ætlaði að hrosa mer fyrir tillöguna og eg þurfti alvarlega að halda aftur af mer til að sla hann ekki unta undir. Sem eg gat ekki því engin nema eg heyrði hvað hann sagði.
- 18.** Mínar sögur skipta tugum af alls kyns hótunum, áreitni, og niðrandi og kvenfjandsamlegum ummælum. Geiri heitinn í Goldfinger hvatti til að karlar tækju sig saman og nauðguðu mér auk þess sem hann hvatti til mótmæla við heimili mitt. Vegna baráttu gegn súlustöðum í Reykjavík sat ég undir alls kyns hótunum frá "hagsmunaaðilum" ofl ofl. Mikið var skrifað um þessi ummæli Gillz á sínum tíma í minn garð og fannst sumum þetta mjög fyndið..

"Steinunn Valdís Óskarsdóttir, alþingismaður. Steinunn er portkonan sem vildi breyta orðinu ráðherra í ráðfrú fyrir konur. Steinunn þarf lim og það strax. Á hana Steinunni Valdísi dugar ekkert annað en lágmark tveir harðir og munu Buka og Yao taka þetta verkefni að sér." "gefa þessum leiðinda rauðsokkum einn granítharðan" "þessar dömur eru flestallar ógeðslegar auk þess að vera geðsjúklingar" um feminista "Steinunn (Valdís) er portkona".. "á hana dugar ekkert minna en lágmark tveir harðir" um Steinunni Valdísi Óskarsdóttu

19. "Sæl

Þú stóðst þig mjög vel í Silfrinu. Má ég koma með eina ábendingu. Klæðstu sem mest rauðu... Það myndast vel og það fer þér mjög vel"

Er í alvöru að hugleiða að kveikja í öllum rauðu fötunum í fataskápnum mínum...(ef það væri nógu margt eftir).

20. Jón Gnarr, sem þá var borgarstjóri, var spurður að því í viðtali við frönsku fréttastofuna AFP hvað hann skoðaði helst á netinu og svaraði Jón hlæjandi: „Aðallega klám.“ Umræðan um þetta snérist meira um öfgar og tepruskap í mér sem krafðist skýringa en hans dómgreindarskort.

21. Þegar ónefndur karl í flokknum mínum sagði að það væri frábært að ég ætlaði að taka sæti á lista hjá flokknum, því það væri svo gott að hafa svona "sæta og ljóshærða stelpu" á lista.

22. Fyrir margt löngu var kosning í miðstjórn flokksins. Konur höfðu verið áberandi á fundi miðstjórnar og fengu góða kosningu í miðstjórnina. Eftir fundinn heyrði ég gamlan og reyndan flokksmann segja hátt og snjallt á ganginum: „Þetta er afleitt, ekkert nema konur og börn í stjórninni.“

23. Þetta er ekki ofbeldi en það fer óstjórnlega í taugarnar á mér að við öll látum það viðgangast að karlar haldi um völdin. Á höfuðborgarsvæðinu er það of

mikið þannig í bæjarstjórnunum. Stjórn Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er skipuð bæjarstjórum sem eru 5 karlar og 1 kona, stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga er með yfirgnæfandi hlutfall karla, dæmi um fundi þar sem bara karlar sitja. Mér finnst það ekki eigi að líðast árið 2017, frekar en fjármálahópur ráðherra sem bara var skipaður körlum. Ef þetta heldur áfram svona erum við áfram úti.

24. Upplifun og saga: Ég hef sem betur fer ekki reynslu af því að vera beitt kynferðislegri áreitni eða töluð niður innan míns flokks - hef að vísu sjálf efast mikið um stöðu mína innan flokksins, hvernig ég kom inn, oft haft það hangandi yfir mér sjálfri að það hafi verið af því að ég er kona, ég sé hér í dag af því að ég er kona... mínir eigin fordómar býst ég við.

En rosalega er magnað að sjá þó kraftinn sem hér birtist, þvert á alla flokka, mér finnst það í rauninni forréttindi að fá að vera með ykkur

En þótt ég hafi ekki fengið að kynnast því á eigin skinni að vera kona í pólitík og upplifa það að ég sé síðri en karlarnir í flokksnum mínum að þá birtist það í mínu nærumhverfi, hjá mínum eigin föður...

Föður mín finnst að ég eigi ekki að vera í þessari bölvuðu pólitík, hann þolir ekki minn flokk og er á móti flóttafólki og hælisleitendum, líka sama um börnin þeirra... nei ég á að hætta þessu og einbeita mér að því að vera góð eiginkona, móðir og dóttir *gubb*

Mér gekk vel í prófkjörinu okkar núna síðast og var í 3. sæti í kjördæminu. Hann var ekki stoltur af mér og röflaði bara um flóttafólk og að ég væri að styðja flokk sem vildi lögleiða "ganja" (hans orð). Á kosninganóttinni birtir svo litli bróðir minn selfi af sér og formanni annars flokks, á kosningavökunni... þá var karlinn stoltur af syninum...

andvarp

Dóttir þín er í framboði - hún er ömurleg - sonur þinn fer á kosningavöku - hann fyllist stolti!

25. Á landsfundi eitt sinn var ég ólétt og langt gengin (8 mán). Ég gekk um og heilsaði fólki eins og hefðbundið er þegar einn fávittinn sem ég þekki eiginlega

ekkert kom upp að mér og strauk á mér kúluna og sagðist ekki vita neitt meira æsandi heldur en óléttar konur.

Á sama fundi var gengið að mér og spjallað létt og svo lokað með (hafði heyrt þetta nokkrum sinnum): "Það er svo þægilegt fyrir ykkur konur að taka bara óléttuna á þetta þegar þið viljið hætta í pólitík".

26. Þrjár sögur úr nýafstaðinni kosningabaráttu.

Mæti í grænum kjól á viðburð í tengslum við kosningarnar. Eldri maður kemur að mér og segir: "Vertu sem mest í þessu græna pilsí í kosningabaráttunni" með ákveðinn svip. Fór ekki í þennan kjól eftir það!

Er í vinnustaðaheimsókn með oddvita framboðsins (ég skipaði 2. sætið) á karlavinnustað. "Flott hjá þér að hafa eina svona fallega með þér". Ég svaraði: "Ég er nú ekki í þessu til þess að vera til skrauts".

Erum í annarri vinnustaðaheimsókn á karlavinnustað að dreifa bæklingum með mynd af oddvita framboðsins ásamt formanni og varaformanni flokksins. "Af hverju er ekki mynd af þér þarna? Þú ert miklu sætari heldur en...".

27. Nefnd borgarinnar og embættismenn, hvorutveggja nær eingöngu konur (fyrsta kynsloð kvenna með völd í borgarkerfinu) var í kynnisferð erlendis. Í rutu sagði X borgarfulltrúi fyrir íhaldið í aratugi: Vinur minn Sverrir Stormsker var að hringja í mig og segja mer það væri komið mjög gott orð yfir kvenkyns ráðherra. Það væri ráðherfa. Nb þetta var örstuttu eftir að Johanna Sigurðardóttir tok við embætti forsætisráðherra. Eg sa rautt og skammaði karlinn svakalega. Sagði ma að það læki bloð undan nöglum okkar kvennanna - við hefðum haft svo mikið fyrir því að komast í þær stöður sem við værum í. Karlinn moðgaðis - sem mer stoð a sama um. Verra þotti mer að eini karlkyns yfirmaður stofnunar sem var í ferðinni marg bað mig um að biðja borgarfulltruann afsökunnar -sem eg að sjalfsögðu gerði ekki. Borgarfulltruinn hætti fljotlega í nefndinni. En eftir þetta syndi embættismaðurinn mer fjandskap - dæmi um karla samstöðu

- 28.** Einu sinni vorum við í vinnuferð þar sem átti að hrista saman hópinn. Einn leikurinn var að raða nokkrum í röð og hver og einn átti að segja hvað þeim fannst fallegt við hinn. Einn karlmaðurinn sagði "brjóstin" við unga stúlku á listanum. Þegar allir voru búnir að segja átti að kyssa á staðinn sem þau völdu fallegust (og ekkert hætt neitt við það).
- 29.** Í kosningunum 2010 var ég ólétt og settist í pallborði hjá hagsmunasamtökum um menntun barna. Við hliðina á mér settist þáverandi borgarfulltrúi sem þurfti endilega að tjá mér áður en við hófum umræður í pallborðinu hvað honum myndust ófrískar konur sexí.
- 30.** Þingmaðurinn í ferð erlendis horfði á barminn minn og sagðist alveg vilja leggja sig þarna á milli. Klukkutíma síðar var ég að koma af barnum og hann gekk við hlið mer og lagðist upp að hlið mér með höfuð og lagði það á brjóstunum mínum og stundi; leit svo á mig og sagði með hvolpa augum---- kunningi minn kom aðvífandi og bað um að tala við mig... eg gekk út stuttu síðar.
- 31.** Var á barnum formaðurinn þáverandi kom aftan að mér, strauk rassinn á mér. Ég brosti og gekk í burtu- hann elti mig að salerninu og spurði hvort hann ætti ekki að koma inn. Ég hló var vandræðaleg en sagði nei. Þetta var ekki í fyrsta ne síðasta skiptið sem þetta gerðist.
- 32.** Nýverið sögðu tveir eldri karlar brandara á fundum sem ég sat. Fyrri er frá félagafundi á Austurlandi og hljómar svona: einu sinni var maður að keyra frá Reykjavík til Borgarness. Hann tekur upp konu sem ferðaðist á puttanum. Hann segir henni að þetta sé skemmtileg tilviljun því hann hafi áður skutlað óléttri konu í Borgarnes. Konan verður hálfmóðguð og segist ekki vera ólétt. Þá segir maðurinn: "ekki ennþá, við erum nú ekki komin í Borgarnes". Seinni brandarinn var sagður í kaffihléi á Landsfundi flokksins og hljómaði svona: Stjórnmalamaður er að fara ríðandi á milli bæja í ónefndri sveit fyrir kosningar. Hann kemur að bæ nokkrum og hittir bóndann og spyr hann hvað

þau hjónin eigi mörg börn. Bóndinn segir að því miður séu þau enn barnlaus. Stjórnmalamaðurinn segir þá: "við hljótum nú að geta reddað því. Haltu í hestinn minn svolitla stund", og svo fer stjórnmalamaðurinn inn í bæinn.

33. Ég var á pólitískri ráðstefnu fyrir hönd ungliðahreyfingarinnar minnar. Það var skemmtun á laugardagskvöldinu. Eldri maður í valdastöðu á ráðstefnunni var kominn vel í glas og við vorum ein eftir inni. Hann grínast með að reyna við mig á "feminískan máta" því ég er svo mikill femínisti og lætur svo hverja línuna á eftir annarri flakka. Ég hlæ vandræðalega. Maðurinn leiðir mig og ég veit ekki hvernig ég á að bregðast við. Því næst leggur hann hendina sína á lærið mitt og færir hana sífellt ofar. Ég gríp í hendina hans, tek hana af lærinu mínu og segist þurfa að fara út að finna vin minn. Ég hef hitt manninn tvisvar sinnum síðan þetta atvik átti sér stað. Í bæði skiptin hefur hann reynt eitthvað svipað. Hann sendi mér einnig reglulega skilaboð í hálf ár eftir þetta og bað mig meðal annars að hitta sig þegar hann var í Reykjavík til að fara yfir eitthvað "stjórnmalatengt."

34. Ég skrifaði grein um skaðsemi ákveðinna efna í plasti. Ég benti á tengingu þeirra við ófrjósemi kvenna og þá staðreynd að þetta efni er að finna í ýmsum vörum sem konur nota t.d. hjálpartækjum.

Ég fékk að heyra það í langan tíma á eftir þar sem ég mætti á fundi, frá karlmönnum, að þeir gætu sko sýnt mér hvernig ég þyrfti ekkert að nota þessi hættulegu hjálpartæki, þeir gætu kennt mér ýmislegt sem hefði ekki komið fram í greininni sem ég skrifaði og snéri að þessum hluta og svo framvegis... einn gekk það langt að segja hversu mikið þessi grein gerði fyrir hann, núna þyrfti hann bara að hugsa um mig og það sem ég skrifaði til að fullnægja sér. Hérna að neðan set ég skjáskot úr greininni, þennan hrikalega svæsna kafla sem gaf karlmönnum leyfi til að tala svona við þá 23 ára stúlku:

35. Árshátíð bæjarfélags 2017: Veislustjóri og 3 skemmtikraftar. Allt karlmenn. Fjórir karlmenn að skemmta öllu starfsfólki sveitarfélagsins ásamt mökum. Allir utan einn, gerðu nær eingöngu út á neðanmittisbrandara. Okkur var gert að

sitja undir þessu, brosa, borða og hafa gaman. Haltu kjafti og vertu sæt.

36. Einn af upprennandi stjórnámálamönnunum er með margar „óstaðfestar“ sögur um áreitni gangvart ungum konum. Innan flokksins var gert mál úr þessu og reynt að láta hann sæta ábyrgð. Einhverjar konur gátu ekki hugsað sér að starfa með flokknum vegna þessa manns. Ekkert kom útúr málinu og maðurinn starfar í flokknum eins og ekkert hafi í skorist enda er svo rosalega dramatískt að hefta pólitískan feril ungs manns þrátt fyrir sögusagnir.

37. Ég náði frábærum árangri í prófkjöri. Karlmaðurinn sem ég var í hvað mestri samkeppni við, sagði við mig eftir að úrslitin lágu fyrir að svona hefði þetta nú farið af því ég væri kona. Ég á ótal sögur af smáatriðum sem lýsa fyrirritningu og gera lítið úr konum/mér. Mig langar lítið að vita af því sem sagt er um mig að mér fjarstaddri í ljósi þess sem ég heyri að mér viðstaddri.

38. Það var svona jólagleði, allur þingflokkurinn úti að borða með mökum. Eftir matinn var fólk að færa sig og spjalla og svona og formaðurinn kemur sest við hliðina á mér og er að segja eitthvað. Allt í einu finn ég hendi renna niður bakið á mér og stoppa á rassinum. Vildi ekki vera með vesen, konan hans var þarna. Stóð upp og færði mig, fullt af fólki sá þetta en enginn sagði neitt. Þetta eyðilagði alla möguleika á eðlilegum samskiptum okkar á milli.

39. Í eftirmiðdags jólagleði á vegum nefndar borgarinnar, sem eg sat í, sest annar yfirmanna stofnunarinnar (stor og stæðilegur karlmaður) við hlið mer í sofa og við ræðum um malefni stofnunarinnar. Allt í einu setur hann hendina utan um mig, dregur mig að sér og stingur tungunni upp í mig. Eg beit hann í tunguna og spurði hvern andskotann hann hefði verið að gera. Hann kunni ekki að skammast sin heldur tuðaði eh um eg kynni ekki gott að meta. Sem betur fer losaði borgin sig við hann stuttu síðar - með skipulagsbreytingu.

- 40.** Í prófkjöri var panel frambjóðenda. Salur kjattfullur. Það var þétt raðað bak við borð fyrir panelinn. Einn meðframbjóðandi minn sat þétt við mig og óskaði mér góðs gengis um leið og hann strauk lærið á mér allt of mikið og allt of ógeðslega og allt of ofarlega. Gleymist aldrei.
- 41.** Komment frá borgarfulltrúa á fagráðsfundi: þú átt ekki að vera í svona flegnu. Það fer þér ekki. Er bara ekki þinn stíll, þú sem ert alltaf svo proper til fara.
- 42.** Ég var í stjórn velferðar-íþróttajafnréttismála í bænum auk annara trúnaðarstarfa. Óskað var eftir að ég ynni að jafnréttismálum fyrir bæinn og var samið um allt nema laun. Tímenn hafði ég nokkuð rúman en á þessum tíma var ég nýbúin að eignast mitt fjórða barn. Var í launuðu starfi og aukastarfi við skúringar. Við skil á skýrslunni lagði starfsmaður nefnarinnar (bæjarins) til að greiða mér sama tímakaup og ég fékk fyrir skúringarna. Eftir smá umhugsun samþykkti ég það með þeim fyrirvar að við myndum leggja tilögu hans fyrst fyrir nefndina. Þá fölnaði hann og bauð mér fimmfalt skúringkonutextan eins og hann kallaði það.
- 43.** Komment frá karli eftir ræðu sem ég held var “þú ert alltaf svo falleg að ég bara heyri ekkert sem þú segir því ég fer allaf að hugsa um það”
- 44.** Eitt sem hefur farið mikið í taugarnar á mér og ég tel hindra eðlilega framgöngu kvenna í stjórnámálum er þessi áhersla á “ungu flottu” konuna. Veit ekki hversu oft ég hef heyrt þetta og svo verið hvött til að sækja harðar og hraðar fram af því að það sé svo gott að fá svona “unga og flotta” konu til valda. Ég þoli ekki þennan dulda draum fólks um ungu flottu valdakonuna - með aldri kemur viska og gamla vitra konan er síst verri. Held að við brennum frekar út ef okkur en endalaust ýtt fram áður en við rennum út.
- 45.** Stuttu eftir að ég eignaðist eldri dóttur mína fór ég í prófkjör, landaði 3. sæti á lista og við tók kosningabaráttu. Ég var ýmis með dóttur mína með mér eða

skaust afsíðis til að mjólka mig þegar hún var heima með pabba sínum. Undantekninga lítið var ég spurð hver væri að hugsa um barnið, þar sem rúm 2000 ár eru liðin frá síðustu skráðu meyfæðingu, svona í sögunni amk, fannst mér þetta fáránleg spurning, því barnið ætti jú pabba. Verst fannst mér þó kommentin um að "unga konan" á listanum væri ekki nógu sexý, það væri ekkert sex í því að vera með nýbakaða móður í framboði.

- 46.** Ég er nýkjörin formaður í nýju kjördæmisfélagi flokks í. Öflugt félag strax, fundarherferðir, umræður og stuð.... ýmsir karlmenn meika mig ekki og eru sífellt að reyna að skrífa mig niður.. .. nokkrir ganga lengra, niðrandi komment og niðurrif, örfáir en fleiri en tveir, káf og tilraunir til að komast lengra.... Engum tókst en hafði þau áhrif að mig langaði ekki að vera í forystu...þeirra....
- 47.** Í aðdraganda prófkjörs voru margir karlmenn æstir í að fara í efstu sætin. Ég var eina konan sem kom til greina í slaginn. Einn karlmaðurinn hafi reynt mikið til að fá mig til að fara í neðra sæti svo ég truflaði ekki hans baráttu. Ítrekað sögðu stuðningsmenn hans við mig að ég væri frábær, og mikill stuðningsmaður og "team player" en ég ætti auðvitað að bíða. Ég ætti að velja mér málefni. Og fullt annað. Að lokum þegar ég tilkynnti að ég ætlaði í slaginn við þessa karla þá fékk ég símtal: "Vinskapi okkar er lokið"
- 48.** Ég er í sveitarstjórn og þegar ég kem hlaupandi inn á fund og fæ mér sæti sé ég að karlkyns oddviti annars framboðs glottir og horfir á mig og segir svo "ég er ekki vanur að sjá þig í svona miklum fötum"..
- 49.** Ungliðahreyfing stjórnmalaflokks. Ný í starfinu. Einn aðili sem áreytti mig sérlega mikið - "Ég ætla að sofa hjá þér þegar konan mín deyr" (Hún var ólétt - ekki dauðvona)

50. Ég var í opinberri heimsókn erlendis, eina konan í íslensku sendinefndinni, sem samanstóð af ráðherra, aðstoðarmanni, ráðuneytisstjóra, sendiherra og embættismanni. Í heimsókn í fjármálafyrirtæki voru að auki fulltrúar úr viðskiptalífinu með okkur. Við stilltum okkur upp í röð til að heilsa og ég var í miðri röð. Þegar röðin kom að mér færðu þeir, sem voru að heilsa okkur, sig út á enda hinum megin og byrjuðu að heilsa úr þeirri átt en hættu þegar röðin kom aftur að mér. Slepptu því semsagt að heilsa mér þótt ég væri með útrétta hönd. Ég var furðu lostin og algjörlega miður mín. Þegar ég nefndi þetta við mína menn eftir á voru þeir rosa hissa. Höfðu ekki tekið eftir neinu.

51. Hann var á þeim tíma aðstoðarmaður ráðherra og við vorum í óformlegum hittingi að loknum fundi ásamt samstarfsmanni hans (aðstoðarmaður annars ráðherra) og utanaðkomandi félaga þeirra. Höndin á honum var allt í einu komin á lærið á mér og nánast upp í klof. Ég færði mig undan þannig að hinir urðu augljóslega varir við hvað var í gang. Enginn þeirra brást við aðstæðunum, þeir létu bara eins og ekkert væri. Ég fór heim. Í mörg ár velti ég þessu ekkert meira fyrir mér, enda ekkert “alvarlegt atvik”. Mjög klassískt að hugsa þannig, upplifa sig heppna að hafa sloppið við eitthvað verra. Það var ekki fyrr en ég fór að heyra allar hinar sögurnar af honum sem samhengið rann upp fyrir mér. Enn einn karlinn að misnota vald sitt gróflega. Hann er nefnilga þekktur fyrir að stunda það að áreita konur um leið og hann er kominn í glas. Eftir að hann svo fór í meðferð er eins og hann hafi sjálfkrafa fengið syndaflausn og að þessi hegðun hafi aldrei verið hluti af honum, þrátt fyrir að fjöldi kvenna hafi upplifað áreiti af hans hálfu. Að mér vitandi hefur þetta ekki verið rætt sérstaklega innan flokksins þó ég viti ekki betur en að þetta sé nokkurn veginn almenn vitneskja þar. Hann er giftur sem ég veit ekki hvort ýtir undir það að allir kóa með honum, án þess að það afsaki eða útskýri neitt. Hann gegnir ennþá trúnaðarstörfum fyrir flokkinn.

- 52.** Samstarfsmaður í stjórn málaflokki kemur aftan að mér og strýkur mér niður bakið og niðrá mjaðmasvæði. "Mikið ertu nú blómleg og fín" - Ég var tæplega þrítug, klædd í blómakjól og komin tæpa 8 mán á leið
- 53.** Ég get ekki talið upp öll þau skipti sem mér hefur beint og óbeint verið hótáð nauðgun vegna skoðana minna. Ég hef engan áhuga á að hafa það eftir, en ég hef oft lesið um allskonar hluti sem ég hefði gott af og hvernig væri nú best að þagga niður í mér.
- 54.** Ég var framkvæmdastjóri þingflokks í tvö kjörtímabil og aðeins einu sinni fór þingmaður yfir strikið – tók aðeins of „vinalaga“ utan um mig í þingflokksveislu. Sennilega ótrúlega vel sloppið miðað við aðstæður.
- 55.** Starfsmaður stjórn málaflokks stoppaði ungliða á leið á fund glottandi og sagðist vita hvar hún ætti heima og hvaða símanúmer hún hefði.
- 56.** Ég var í móttöku og allskonar fólk á staðnum. Mér finnst gaman og er að spjalla við allskonar fólk, stend allt í einu við hliðina á eldri manni úr öðrum stjórn málaflokk sem ég þekki ekkert þannig. Ég heilsa samt og brosi og hann snýr sér að mér og tekur í hendina á mér og dregur mig aðeins til hliðar, allt í einu tekur hann utanum mig og ég finn að hendur hans eru útum allt. Ég losa mig og brosi bara og fer að hlægja og færi mig og vonaði að enginn hefði séð þetta.
- 57.** Ég var starfandi borgarfulltrúi og kom inn sem varamaður á fund. Ég hafði ekki áður setið fund í þessu herbergi og spurði því embættismaðmanninn sem fór fyrir málaflokknum hvar ég ætti að sitja. Hann sat við fundarborðið, glennti út fæturnar, glotti og klappaði á annað lærið á sér: „Hérna“. Sagði hann. Mér var gróflega misboðið. Þessi sami embættismaður er frægur fyrir að kalla konur: „vina“.

58. Á erlendri ráðstefnu (í gær) var ég að tala við ungan karlkyns stjórnáamann (hómófóbískan) um Pride gönguna og hvað mér þætti hún mikilvæg fyrir réttindabaráttu hinsegin fólks og ætti því að vera haldin sem víðast og hann spurði mig þá glottandi hvort ég væri tvíkynhneigð og hvort ég hefði sofið hjá öðrum konum.

59. „Var í hóp sveitarstjórnarfólks í ferð þar sem allir gistu á sama hóteli. Það var farið út að borða og eftir matinn fékk fólk sér drykk og bæjarstjóri í nálægu sveitarfélagi sem ég þekki ekki neitt stakk upp á að við færum saman upp á herbergi. Þegar ég neitaði setti hann upp fýlusvip og sagðist aldrei hafa fengið neitun áður. Ég yrði bara að sofa hjá honum. Margir karlar voru við borið en því miður engin kona sem var nógu nálægt til að heyra. Enginn sagði neitt. Ég flýtti mér upp á herbergi þegar á hótelið var komið, skömmu síðar var bankað á hurðina. Ég opnaði ekki og ekki í hin tvö skiptin sem bankað var. Ég hins vegar svaf ekkert og var ekki í neinu formi fyrir pólitískar umræður daginn eftir þar sem orkan fór í að forðast hann og svo skammaðist ég mín, skil það ekki núna “

60. Háttsettur embættismaður var á leið í sjónvarpsviðtal og sagðist vera á leið heim að skipta um föt. Var þá sagt að það væri óþarfi, það væri nóg að hneppa bara aðeins frá.

61. Ég var valin í oddvitasæti á lista og karlmaður sem vildi sætið varð fúll. Hann spyr mig hvort ég átti mig á því hversu harður heimur þetta sé, það séu menn þarna úti sem muni alveg láta mig heyra það, og ég einstæð móðir - hver ætti að hugga mig á kvöldin? Þetta var ekki 1979 heldur sirka 2014.

62. Langar að segja frá einni sögu tengdri svona aldursfordómum í pólitík. Ég var á stórum fundi hjá stjórnámaflokknun mínum, var þar í fyrsta skiptið sem

formaður flokksins í mínu bæjarfélagi og var þar með erindi. Mér fannst þetta mjög valdeflandi að standa þarna í pontu og miðla minni reynslu og var ferlega ánægð með mig. Þarna er ég 36 ára gömul (þetta var í fyrra). Í hádegishléinu var fólk mikið að spjalla saman eins og gaman er að gera á svona mannamótum. Svo rekst ég á einn sem ég þekki aðeins, þingmaður flokksins, og ég fer að heilsa honum. Þá klípur hann í nefið á mér og segir "hvað segir þú stelpa"! Og skyndilega fór ég úr því að vera valdefld 36 ára kona í að vera 12 ára niðurlægð stelpa. Ég var svo hissa og lítillækkuð og trúði ekki að hann hefði virkilega gert þetta. Var eitthvað svo lengi að melta þetta að ég sagði ekkert við hann um þessa óviðeigandi framkomu hans. Það situr enn í mér að hafa ekki svarað fyrir mig.

- 63.** Þú veist að kosningar eru í nánd þegar þú ferð að fá skilaboð frá hinum og þessum körlum í kjördæminu þínu sem hafa allt í einu gríðarlegar áhyggjur af því að þú ætlir þér eitthverja hluti og reyna að sannfæra þig um að þinn tími sé ekki kominn eða einfaldlega liðinn eða að það sé þörf fyrir þig akkúrat þar sem þú ert núna og borgi sig ekki að ætla sér hluti.
- 64.** Óþolandi. Ég var beðin um að halda kynningu á svona 40 manna fundi. Þegar ég mætti tók stjórnámalaður utan um mig og strauk upp og niður mittið á mér á óþægilegan máta. Ég sat við hliðina á honum allan fundin og lærið hans var sífellt að koma við mitt, ég færði mig bara undan og hélt flottann fyrirlestur að mér fannst. Eftir fundinn voru skipuleggjendur, stjórnámalaðurinn og fyrirlesarar að ræða fundinn, ég kem með athugasemd og stjórnámalaðurinn bregst þá við með því að brosa yfirlætislega og klappa mér á kollinn.
- 65.** Hef náð góðum árangri með flokknum mínum í sveitarstjórnarkosninum þar sem ég er oddviti. Skýringarnar sem ég hef fengið á þessari velgengni frá sumum körlum er sú að það sé svo frambærilegur karl í öðru sæti og þingmaðurinn sem leiðir kjördæmið þakkar sér árangurinn því hann er svo geðfelldur.

- 66.** Þegar Jóhanna Sigurðardóttir var forsætisráðherra sat ég í bæjaráði fyrir Samfylkinguna og var eina úr mínum flokki í ráðinu og í minnihluta. Næstum hver einasti fundur byrjaði á því að sami karlkyns nefndarmaðurinn kom með háðsglósur um Jóhönnu eða niðurlægjandi athugasemdir um hana og glotti svo framan í mig og margir hlóu með. Ef ég svaraði að þá sagði hann: Vertu ekki svona tilfinninganæm eða voðalega ertu viðkvæm.....ég var farin að hata þessa fundi og en lærði að það besta sem ég gat gert var að ignora hann. Svo hætti Jóhanna og ég mæti á fund..... og hann byrjar að tala um hana. Þá gat ég ekki orða bundist og leit yfir hópinn og sagði..... Er hann eini hér inni sem veit ekki að það er búið að skipta um ríkisstjórn og Jóhanna er hætt?
- 67.** Ég náði ljómandi góðum árangri í fyrsta prófkjörinu sem ég tók þátt í og endaði á öðru sæti á lista. Þegar úrslitunum var fagnað stóð ég ásamt þáverandi kærasta mínum á spjalli við mann sem óskaði mér til hamingju með árangurinn og spurði svo kærastann: já ert það þú sem ert Mastermindinn á bak við þetta?
- 68.** Var á ráðstefnu á landsvísu, var í málefnhópi með manni frá mínu sveitarfélagi þó ekki samflokksmanni. Við komum með tillögu að ályktun inn til hópsins, þegar búin var að vera ágætis umræða og hópurinn er að klára störf sín segir hann „Þetta er fínt að hafa konu með sér til að semja og skrifa ályktanir“. Ég þagði, horfið á manninn og svo hina, enginn sagði neitt. Í hádegishléi kemur ungur maður (samflokksmaður mannsins) sem var í hópnum til mín og fordæmir hegðun mannsins.
- 69.** Þegar ég var í framboði til Alþingis 2009 var ég klipin fast í rassinn af einhverjum fávita sem mætti á opið hús. Ég upplifði það eins og honum fyndist hann mega þetta þar sem ég væri í (fram)boði og ætti að þóknast áhugasömum kjósendum. Ég byrsti mig eitthvað við hann en fór ekki nálægt því að láta henda honum út eða neitt slíkt. Held ég hafi ómeðvitað verið að passa uppá að búa ekki til senu og vera óþægileg og skemma fyrir framboðinu. Við erum mikið búnar að ræða hérna um "ungu og glæsilegu konurnar" sem eru taldar svo æskilegar í pólitík; sem er bara skýrt dæmi um hlutgeringu

kvenna. Þessi litla saga hérna að ofan er af sama meiði. Búið að gera konur að einhverjum hlutum sem mega þá vera almenningseign fyrst þær eru að bjóða sig fram á opinberum vettvangi.

70. Ég var kosin í ungliðahreyfingu nýstofnaðs flokks fyrir mörgum árum síðan (ég þá rúmlega tvítug). Ég hafði ekki boðið mig fram til stjórnar heldur frétti ég af því frá ókunnugri manneskju að ég sæti nú í stjórninni.

Eftir að sannfæra mig um að þetta kæmi ekki fyrir aftur og djúpt samtal við formanninn ákvað ég að halda stjórnarsætinu því mig langaði að gefa þessu séns. Ég var á fyrsta fundi kosin gjaldkeri nýstofnaðrar hreyfingarinnar. Á fyrsta fundi mínum sem gjaldkeri var mér tilkynnt um að annar gaur myndi líka vera gjaldkeri félagsins með mér af því að ég var svo reynslulítill. Þá var ég búin að vera gjaldkeri félagasamtaka til nokkurra ára. Ég mætti aldrei aftur á fund og tók aldrei þátt í starfinu eftir þetta.

71. Ég sá um skipulag á öllum mögulegum viðburðum hjá flokkinum mínum. Eitt skipti eftir vísindaferð og gestirnir voru farnir var ég að klára að taka til. Þingmaður frá okkur og annar (ungur)karl voru þarna og var galsi í okkur öllum. Þingmaðurinn faðmar mig skyndilega alveg innilega þannig að við dettum ofan í sófa, hann liggjandi ofan á mér með allan sinn þunga. Svo kyssir hann mig á hálsinn og kinnina. Ég hló þetta af mér en fór heim og brotnaði niður og gat lengi vel ekki horfst í augu við hann eða umgengst hann í starfi flokksins.

Þegar ég reyndi að ræða þetta við hinn karlinn hló hann bara og sagði að ég hefði nú alveg fílað þetta, svona myndarlegur maður eins og X. Það væru nú allar konurnar í flokknum heitar fyrir honum.

Hann er (enn) dáður og elskaður þingmaður.

72. Í stjórn sem ég var í (ég var yfirleitt eina konan) ákváðu karlarnir í stjórninni að hittast hálfri klukkustund fyrir fund – og létu mig ekki vita. Þeim brá virkilega þegar ég frétti af þessu og mætti- ekki síst embættismaðurinn.

- 73.**Ég hef setið í fjölda nefna og stjórna. Í einni stjórninni var óþolandi oft sem ég þurfti að taka hönd manns sem sat við hliðina á mér, af hnéinu/lærunu á mér – þessi stanslausu grip í mann eru virkilega þreytandi!
- 74.**Þegar ég var nýbyrjuð í pólitík og var mjög virk og dugleg í kosningabaráttu 2009 þá frétti ég af dips keppni tveggja manna í baráttunni um mig. Ég hló bara af þessu þegar mér var sagt frá þessu(þorði ekki öðru og vildi ekki vera leiðinleg) en mér leið alltaf svo illa yfir þessu. Var ég ekkert annað en einhver hlutur fyrir þeim, hafði ég ekkert annað að bera en að vera sæt og ung. Glatað!
- 75.**Á fyrsta kjörtímabilinu sem ég sat í bæjarráði (í minnihluta) En ég var líka formaður jafnréttisnefndar og nefndin lagði til að gerði yrði úttekt á launamálum hjá bæjarfélaginu m.t.t. jafnra launa. Málið kom til bæjarráðs og eftir talsverða umræður spurði einn bæjarráðsmaðurinn mig: Af hverju eru konur að fara út á vinnumarkaðinn og af hverju getið þið ekki verið heima og verið sætar. Svo ég spurði hann hvort hann vildi vera heima og vera sætur? Tillagan var ekki samþykkt.
- 76.**Eitt skipti í bæjarstjórn tók ég upp mál, munnlega, sem ég taldi mjög mikilvægt að fara að vinna að. Umræður héldu áfram en enginn tók undir með mér. En svo brá við að bæjarstjórinn nefndi þetta sama mál og þá tóku 5 bæjarfulltrúar undir með honum. Síðan kom kaffihlé og þá vakti ég athygli þeirra kvenna sem höfðu tekið undir með bæjarstjóranum að ég hefði reifað málið á undan bæjarstjóranum. Þær höfðu ekki áttað sig á því. Samfélagsmótun hefur talsverð áhrif á okkur og við konur þurfum líka að gæta þess að hlusta jafn gaumgæfilega á konurnar.
- 77.**Á fundum þar sem ég var í stjórn kom það varla fyrir að ég hitti þessa karla (allir talsvert eldri en ég) án þess að það væri rætt um útlit mitt s.s. hefur þú fitnað eða hefur þú grennst. Það skánaði eftir að ég fór að spyrja þess sama.
- 78.**Þegar ég var nýbyrjuð í pólitík og var mjög virk og dugleg í kosningabaráttu 2009 þá frétti ég af dips keppni tveggja manna í baráttunni um mig. Ég hló bara af þessu þegar mér var sagt frá þessu(þorði ekki öðru og vildi ekki vera

leiðinleg) en mér leið alltaf svo illa yfir þessu. Var ég ekkert annað en einhver hlutur fyrir þeim, hafði ég ekkert annað að bera en að vera sæt og ung. Glatað!

79. Ég var í fyrsta sæti í mínu bæjarfélagi (forseti bæjarstjórnar og varabæjarstjóri) og hafði bætt við manni í síðustu kosningum. Þá kom einn framkvæmdastjóri sem mætti á vikulega fundi og sagði við mig: Við þurfum að fá karlmann í fyrsta sætið næst. Jæja sagði ég. Finnst þér ég ekki hafa staðið mig. Jú sagði hann en það er betra að tala við karlmenn.

80. Fyrir þremur árum var ég í starfsnámi hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Allir starfsnemarnir áttu það sameiginlegt að vera frekar reynslumiklir á aldursbilinu 25 - 32 ára, 4 stelpur og 2 strákar. Í jólalönsinum var fólk búið að fá sér aðeins í glas og ég og starfsneminn (stelpa) sem deildi með mér skrifstofu sátum á borði með nokkrum frekar hátt settum karlkyns starfsmönnum - það kom til tals að á hverju ári væri gerður listi yfir kvk starfsnema og þeim gefin stig eftir hversu heitar þær voru. Þeir voru rosalega hissa hvað við brugðumst illa við, skildu ekkert hvað var niðurlægjandi við þetta - því við fengum jú fína einkunn að þeirra sögn.

81. Eitt skiptið fór ég út á land á miðstjórnarfund og þar var einn giftur þingmaður að reyna við mig á skemmtun um kvöldið. Mér tókst að losna við hann og fór að sofa. Í a.m.k. einn klukkutíma stóð hann og barði á dyrnar hjá mér. Þetta var óskemmtilegt.

82. Ég var eina konan á lokuðum fundi, kom með tillögu sem snerist að jafnréttisbaráttu kvenna. Þetta reyndist þeim erfitt og fóru þeir í mikla vörn, kjörnir fulltrúar sem og embættismenn. Ég spurði hvort það væri þá raunin að þeir treystu ekki konum á hinu pólitíska sviði, það var að sjálfsögðu ekki til að bæta andrúmsloftið. Eftir mikið tuð og perring lagði ég til að það yrði kosið um þessa tillögu, þeim væri velkomið að fella hana en tillöguna legði ég fram. Að sjálfsögðu var ekki kosið um tillöguna og hún lögð fram og samþykkt, það hefði fallið á glansmyndina út á við að koma hreint fram.
– Í framhaldinu var þess gætt að málið náði ekki tilsettum árangri.

83. Fyrir 20 árum tók ég þátt í prófkjöri (sveitastjórn) fyrir ný stofnaðan flokk og náði fimmta sæti. Mér var talið trú um að þarna væri reyndara fólk og það væri betra fyrir flokkinn ef það færðist ofar á listann og endaði ég í íþróttanefnd. Þar var tekið á mótum mér með lófataki (allt karlmenn) eftir að einn karlmaðurinn kleip í rassinn á mér og spurði hvaða vit ég hefði eiginlega á íþróttum.

84. Að taka þátt í prófkjöri var ávísun á að þurfa "þola" kossa, þukl og faðmlög frá flokksmönnum, helst með bros á vör, (annars myndu þeir ekki kjósa þig).

85. Þingmannsfrú.

Það fer afskaplega í taugarnar á mér þegar er gert lítið úr maka þingkvenna vegna stöðu þeirra.

Upplifði þetta oft þegar ég var á þingi.

Oft eins og ég ætti að skammast mín fyrir að "setja" maka minn í þessa stöðu. Var oft spurð hvernig honum litist á að ég væri í þessu starfi og hvort honum væri sama ef ég færi aftur fram.

Hann fékk á sig athugasemdir ef hann gerði eitthvað fyrir mig sem aðrir urðu vitni af t.d. keyrði mig á viðburð eða kom með gögn sem ég gleymdi heima, þá var "þingmannsfrúin að störfum" og hann var "vel upp alinn hjá mér"... af því það gat ekki verið að hann reyndi að gera eitthvað af fúsum og frjálsum vilja til að styðja mig í starfi.

Eins og að maðurinn minn ætti að skammast sín fyrir það í hvaða stöðu ég var eins og það gerði lítið úr honum að ég væri á þingi.

Að það væri karlmannlegt að vera þingmaður og það gerði stöðu maka svo kvennlæga s.s. tengt við undirgefni, þjónustu og ómerkilegri stöðu í sambandinu.

Eins og karlmenn hefðu þörf til að minna mig á með svona athugasemdum að hann ætti að vera "karlmaðurinn" og ég væri að grafa undan því.

86. Það er maður í flokknum sem ég hef þekkt í nokkur ár, hann er töluvert eldri en ég en við höfum bæði verið virk í flokknum í nokkurn tíma. Hann hefur oft sagt að hann langi að sofa hjá mér og ég hef sagt greinilega að ég hafi ekki áhuga á því margoft. Við erum á ráðstefnu og gistum á sama hóteli og hann kemur og bankar hjá mér á hurðina, ég opna enda erum við vinnufélagar en

þá girðir hann niðrum sig... Mér tókst að koma honum út en sat eftir með skömmina og sagði engum.

87. Ég byrjaði að vinna hjá opinberri stofnun á vegum borgarinnar í tímabundinni sumarráðningu á svipuðum tíma og ég var í framboði fyrir nærri 20 árum. Ég var vöruð við einum eldri karlmanni sem starfaði þarna. Samstarfskonur sögðu, passaðu þig á því að vera aldrei ein með honum á skrifstofu, ekki segja já ef hann biður þig að vinna með sér verkefni frameftir og aldrei þiggja far með honum heim. Ok! Takk sagði ég. Einn daginn stend ég við bókhillur að leita að einhverju, sný baki í dyrnar. Allt í einu er hann kominn þétt upp að mér, rennir hendinni á sér í klofið á mér og segir: „mikið hefur þú verið falleg lítil stúlka.“ Mér krossbrá, æpti, snéri mér við og sagði við hann að ef hann reyndi svona aftur myndi ég kæra hann! Hann glotti og sagði: „Það hefur nú verið reynt væna, við lítinn árangur,“ og rölti glottandi í burtu. Ég var í sjokki og skalf. Frétti svo að samstarfskona hans í framhaldsskólanum sem hann starfaði í sínu aðalsstarfi hafi kært hann, málið látið niður falla, hún auðvitað hrökklast úr starfi og hann haldið sínu striki. Seinna sá ég hann taka við verðlaunum sem kennari ársins í sínum skóla!

88. Var rétt rúmlega tvítug og var boðið að vera kosningastýra flokksins í kjördæminu. Stuttu áður hafði vinur minn sagt mér að það væri ekkert endilega líklegt að ég fengi starfið, hann hefði nefnilega sóst eftir þessu starfi og bjóst við að fá það.

En allavegana, kosningastjórn kjördæmisins fundaði reglulega en fundirnir voru oft ómarkvissir framan af því oddviti flokksins var reglulega með störu á brjóstaskoruna mína meginþorra fundarins og hélt illa fókus, þeir gengu betur þegar ég passaði mig að vera þannig klædd að ekki sæist neitt í brjóstin. Í fögnuði eftir kosningar kyssti odddvitinn mig svo án þess að ég hafi gert neitt til að gefa til kynna að ég hefði nokkurn áhuga á því (hann var nota bene á aldur við foreldra mína).

89. Þegar við töluðum fyrir kynjaðri hagstjórn í fyrsta skipti í borgarstjórn hlógu karlkyns borgarfulltrúar upphátt og hæddust að okkur með frammíköllum sem tíðkast ekki í borgarstjórn, ólíkt Alþingi, nema við alveg sérstök tilefni. Sem

þeim fannst þetta vera.

- 90.** Ég hef setið í fjölda nefna og stjórna. Í einni stjórninni var óþolandi oft sem ég þurfti að taka hönd manns sem sat við hliðina á mér, af hnéinu/lærunu á mér – þessi stanslausu grip í mann eru virkilega þreytandi!
- 91.** Karl sem gegndi trúnaðarstörfum í stjórnsmálaflokki nauðgaði ungri konu í flokknum í partýi á vegum flokksins. Honum var gert að fara úr öllum trúnaðarstörfum á vegum flokksins en af því að hann er “svo duglegur” var hann fljótlega mættur á alla pósta/fundi/viðburði. Þegar konur gerðu athugasemdir við þetta og neituðu að taka þátt yrði hann þátttakandi var hann tekinn úr opinberum störfum en geymdur á bakvið í aukastörfum enda “svo duglegur”, fyrir utan það hversu slæmt það yrði fyrir fjölskylduna hans ef hann fengi ekki að vera með...
- 92.** Á fyrsta kjörtímabilinu mínu í bæjarstjórn var ég varabæjarfulltrúi og formaður félagsmálaráðs. Skömmu eftir kosningar eignaðist ég barn sem ég var með á brjósti. Einn daginn komu tveir smiðir í heimsókn á meðan ég var að gefa barninu. Þegar ég var búinn að gefa honum rétti ég þabbanum barnið og sagði ég þarf að fara að mæta á fundinn. Þá spurði annar þeirra hvert ég væri að fara. Hún er að fara á fund og það er fundur á fund ofan sagði eiginmaðurinn og hló. Ekki líkaði smiðnum þetta og hann sagði: Aldrei myndi ég leyfa minni konu að svona! Það skemmtilega er að þessi maður er núna einlægur stuðningsmaður kvenna í stjórnsmálum.
- 93.** Stelpur, held að ég hafi verið nokkuð heppin en auðvitað mætt alls konar viðmóti karla á pólitískum ferli. Ekki allt kynferðislegt en oftast tilraun til að "sætte meg paa plads". Nokkur dæmi:
- í þingsal eftir ræðu: Ertu ekki í jafnvægi?
 - í biðröð í matsal (hádegi): Hver er að passa? (ég snappaði)
 - á ca þúsund fundum: Ég búin að leggja eitthvað til, sem er síðar endurtekið af karli á sama fundi og fagnað sem frábærri tillögu.
 - landsfundarpartí (viðkomandi drukkinn): Hæ, mig hefur alltaf langað svo að

sofa hjá þér (!)

- 94.** Vertu ákveðin en ekki reið. Ekki missa stjórn á þér. Segðu það sem þú meinar, bara ekki þannig að það sé óþægilegt að heyra það. Segðu það öðruvísi. Stattu með sjálfri þér en ekki vera einstrengisleg. Ekki vera einsmáls, þú verður að geta talað um allt en sjáðu samt femínismann fyrir okkur hin, við viljum ekki vera óvinsæl. Ekki tala út frá tilfinningu, hafðu staðreyndir á hreinu. Ekki vera samt alltaf að biðja um þessar kynjuðu greiningar, stjórnkerfið er undir alveg nægilegu álagi. Brostu.
- 95.** Á fundum í stjórn fjármálastofnunar sem ég var í (ca áratug) var mér iðulega boðin aðstoð við að skilja hluti en körlunum var aldrei boðin aðstoð jafnvel þó þeir væru sumir illa að sér, vissu ekkert um bókhald, lítið um fjármál, peningamargfaldararnn o.s.frv. Þó ég væri með BS í viðskiptafræði breytti það engu. Þetta var arfur af gamla tímanum sem ég vona að konur séu þurfi ekki lengur að glíma við.
- 96.** Í pallborðsumræðum á vegum félagasamtaka þar sem tekist var á um ólík sjónarmið í aðdraganda kosninga spurði sitjandi þingmaður og frambjóðandi annars flokks hvort hann mætti kyssa mig. Síðar í sömu pallborðsumræðum sagði sami maður að hann væri skotinn í mér.
- 97.** Þegar ég var valin í ræðulið í lagadeildinni því ég væri svo hvöss. Ekki ákveðin, sjálförugg eða flott. Heldur hvöss.
- 98.** Eitt skiptið var ég að fara yfir fjárhagsáætlun bæjarins (ég var forseti bæjarstórnar og varabæjarstjóri). Ég hafði vandað mig mikið við gerð ræðunnar og síðan fóru fram umræður. Einn eldri maðurinn kom síðan til mín og sagði: Mikið var gaman að horfa á þig en ég veit ekkert hvað þú sagðir. Það er aukaatriði!
- 99.** Einu sinni var ég kölluð skraut. Ég stóð við hliðina á Karlmanni/þingmanni á blaðamannafundi vegna fjárlaganna. Ég sat í fjárlagagenefnd og hafði well,

dýpri þekkingu á því sem var verið að tala um. Allavega, fréttamaður (nafn tekið í burtu) kemur og spyr hvort „þú sért ekki tilbúinn í viðtal“ og horfir eitthvað upp í loftið og við spyrjum hvort okkar hann vill tala við. „Karlinn (nafn tekið í burtu) en þú getur staðið svona til hliðar sem svona skraut.“. Ég hrópaði yfir salinn "Þú kallar mig sko ekki skraut!" Skilst síðan að hann hafi haldið að ég væri varaþingmaður og þess vegna ekki viljað tala við mig. Þetta er NB þingfréttaritari og ég var þá búin að sitja á þingi í þrjá mánuði sirka. Gaman. Gott að vera skraut í pólitík.

100. “Það verður munur þegar þú kemst inn á þing, þá verður eitthvað fallegt að horfa á í ræðustól Alþingis”. Þetta sagði ungur karlmaður við mig. (Það er sem sagt hlutverk kvenna að vera fallegar í ræðustól fyrir karla að horfa á).

101. Sama dag og tveir fyrrverandi og þáverandi formenn Landssambands Sjálfstæðiskvenna höfðu sent frá sér yfirlýsingu um brotthvarf sitt út flokknum hittu ég einn merkilegan karl: MK “Jæja það er nú gott að vera laus við þessar frekjur þarna!” Ég “Já þú meinar eins og mig?” MK “Ha! Ert þú hætt? Ég hélt nú að þú yrðir síðasta manneskjan til að segja þig úr flokknum!” Ég móðgaðist en hrútskýrendur hafa sagt mér að þetta hafi verið vel meint...

102. Þó ég hafi ekki orðið fyrir grófu ofbeldi innan stjórnmalanna sjálfra heldur annars staðar er það afar erfitt að labba inná vinnustaðinn Alþingi og mæta þar nauðgara þekktum í minni kreðsu. Hann er þar ekki starfandi lengur. Annars er tippafýlan stæk í stjórnmalunum. Kvartað yfir framboði að því að kallinn lenti neðar í sæti og ég lét hann ekki vita af framboði. Farið rangt með nafn og talað um hvers dóttir ég væri frekar en mig.

103. Var eitt sinn á fundi og talaði fyrir ákveðnu máli sem var mér hjartans mál. Þrjú karlar sátu og ég hélt að þeir væru að hlusta, en nei, einn horfðist í augu við mig og sagði: „Oh, þessi bláu augu!“ og hinir stundu. Sló mig algjörlega út af laginu, sem var sjálfsagt ætlunin

104. Í fjölmennu boði stóð ég á tali með nokkrum aðilum, þ.m.t. fyrrverandi sendiherra gagnvart Íslandi, eldri erlendum manni. Umræðuefnið var þá

nýafstaðnar kosningar og áherslur nýrrar ríkisstjórnar. Þegar ég hef orðið grípur maðurinn fram í með eftirfarandi orðum: "Jájájá.... en það sem kemur mér svo á óvart ha (lítur á karlmanninn sem stóð í sama hóp) er hvað þessar aðstoðarkonur eru allar sætar! Ég hef nú hitt tvær og þær eru báðar svo sætar, þessi (bendir í átt að mér) og *annar aðstoðarmaður* !?" Ég stóð við hliðina á honum en hann hefði ekki getað sýnt meiri vanvirðingu nema þá kannski ef hann hefði klipið í rassinn á mér í leiðinni. Öllum leið kjánalega en ekkert okkar sagði neitt við manninn. Áttum held ég erfitt með að trúna að þetta hefði gerst. Tveir höfðu þó orð á því eftir á hvað þetta hefði verið súrrealískt.

105. Þegar ég varð reglulega fyrir kynferðislegri áreitni af samflokksmanni mínum sagði vinum minn feminista og áhrifakonu í flokknum frá hegðun hans. Hún sagði vini mínum að ekki mætti skrímslavæða ungan mann á uppleið. Ég hætti að þora að drekka á viðburðum á vegum flokksins því ég var hrædd um að hann myndi nýta sér yfirburðastöðu sína ef ég yrði of drukkin. Ásökunum mínum var aldrei tekið alvarlega svo ég hætti alveg að mæta á viðburði á vegum svæðisfélagsins sem hann starfaði fyrir vegna þess að mér leið svo illa í kringum hann. Þrátt fyrir að fleiri ungar stúlkur hafi stigið fram og lýst sömu áreitni þá fær hann enn að sinna trúnaðarstörfum innan flokksins.

106. Það sem mér fannst erfiðast við að fara í stjórnsmál var að karlkyninu í flokknum fannst það eiga mig og ég hugsaði alltaf með mér hvort að ég þyrfti að þola öll þessi faðmlög þar sem brjóstin á mér þrýstust upp við viðkomandi, endalaustu faðmlög þar sem hendin var haldið um mjaðmirnar og ég dregin að. Ég man að ég reyndi að taka í hendina á mönnum með báðum höndum til að mynda svona mótstöðu við að vera dregin að viðkomandi. Eftir mína fyrstu kosningavöku sem oddviti, man ég að ég fór í það þegar ég fór heim og reyndi að þvo allt þetta af mér, mér var svo misboðið hvað karlmönnum fannst þeir eiga mig. Ég hugsaði, kannski kann ég ekki að setja mörk og læt of mikið yfir mig ganga.

107. Í hlutverki pólitíkus og þá sérstaklega í hlutverki frambjóðanda hef ég oft reynt að rétta bara út hendina til að heilsa og sleppa þannig við ofurþéttu

faðmlögin, þuklið, káfið og kossana. Það er bara ekki í boði. Og alls ekki er í boði að brosa ekki bara og taka þátt í þessu hlutverki sem ég kaus jú sjálf að setja mig í með öllu því sem tilheyrir.

108. Ég þoli ekki freka kallinn"...ég tel mig hafa eitthvað fram að færa og vil vera með til að styrkja hópinn"... "ég ætla ekki að fara gegn einum eða neinum"...sagði karl á sjötugsaldri þegar hann tilkynnti mér, oddvitanum á listanum, að hann hyggðist bjóða sig fram í prófkjöri flokksins. Hann væri nýr í stjórnámálum -hvort ég gæti gefið honum góð ráð - hverja hann þyrfti að tala við, hverjir væru lykilmenn o.s.frv.? Auðvitað gaf ég honum öll þau góðu ráð sem ég gat gefið, manningnum sem sagðist ekki þola freka kallinn, manningnum sem ætlaði að breikka listann. Daginn sem framboðsfresturinn rann út hringdi hann. "Ég ætla að sækjast eftir fyrsta sætinu"...hann sagðist ekki geta gert annað, annars myndu freku kallarnir ekki styðja hann

109. Mér var boðið í kynnisferð til útlanda þegar ég var nýorðin aðstoðarmaður ráðherra, þá rúmlega þrítug. Hópurinn var blandaður, karlar og konur, aðallega kennarar og fólk tengt stjórnámálum. Fyrsta kvöldið fór hópurinn saman út að borða. Það var mikið spjallað en ég hafði mig ekki mikið í frammi þar sem ég þekkti engan í hópnum þó ég kannaðist við þá sem komu úr stjórnámálunum. Ég var rétt að byrja að segja eitthvað þegar þingmaðurinn í hópnum grípur í hendina á mér og segir yfir hópinn..."Ragnheiður mín, ertu nú ekki til í að hneppa skyrtunni þinni að þér svo að við karlmennirnir í hópnum getum einbeitt okkur að því sem þú hefur að segja". Ég tek það fram að ég var í síðerma skyrtu og toppi innanundir þannig að það var frekar lítið að sjá. Það sló þögn á hópinn, mér leið eins og ég sæti þarna allsber.

110. Sem betur fer ekki lent í kynferðislegri áreitni eða kynferðislegu ofbeldi af hendi stjórnámálanna, alla vega ekkert svo slæmt að það sitji í mér. Hins vegar var ég margoft vörud við því að vera ein á fundi með ákveðnum bæjarkarlpólitíkusi. Hann var/er alræmdur fyrir áreitni. En ég hef oft orðið fyrir áreitni inni í stjórnsýslunni, af hendi embættismanna og annarra opinberra starfsmanna. Króuð af úti í horni og gripið í klofið á mér, vælt í mér að fá mér

glas uppi á herbergi á fundum úti á landi með giftum körlum, gamlir embættisskarlar að segja óviðeigandi hluti, kennarar í HÍ að tala við brjóstin á mér o.s.frv. Niðurlægingu af öðru tagi þekki ég vel eins og allar konur, en þar sem þessi hópur snýst um versta ofbeldið – kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi læt ég staðar numið. Skora á ykkur systur sem hafið lent í virkilega slæmum hlutum í þessum geira að opna á meinið, það hjálpar ykkur meira en ykkur grunar (þekki það af eigin reynslu) og hjálpar líka öðrum.

111. Ein saga ótengd kynferðislegu áreiti reyndar. En þegar ég bauð mig fyrst fram 2013 var ég áköf og röggöm og hengdi undirskriftarlista á korktöfluna á ganginum í kennarastofunni. Tveimur tímum seinna var búið að taka hana niður og setja hana í hólfið mitt. Ég fattaði þá um leið að kannski væri þetta ekki alveg við hæfi og fékk staðfestingu á því frá yfirmanni mínum sem hafði tekið þetta niður. Tveimur árum seinna var annar samstarfsmaður minn (kk) að bjóða fram fyrir sama flokk (já, ég dróg hann með) og gerði slíkt hið sama. Það fékk hins vegar að hanga alveg óáreitt á töflunni og svo þegar annar kollegi í öðrum flokki (kk) gerði slíkt hið sama án athugasemda í haust fór ég að velta fyrir mér hvort að þetta hafi í alvöru verið vegna þess að ég er kona eða hvað haldið þið?

112. Við vorum nokkur á vinnufundi úti á landi vegna stofnunar nýs flokks. Um kvöldið var eldaður góður matur og fengið sér í glas. Þegar leið á kvöldið og allir voru að tygja sig í háttinn kemur karlmaður úr hópnum að mér (giftur) tekur utan um báðar kinnarnar á mér og reynir að stýra höfðinu á mér að munninum á sér um leið og hann segir "mig langar að kyssa þig". Ég náði einhvern veginn að snúa honum frá á alveg fáránlega kurteislegan hátt (held hann hafi samt kysst mig á kinnina) . Ég vildi nú ekki vera með neitt vesen en ég fann vel fyrir skömminni yfir þessu atviki!

113. Á alþingi man ég eftir mönnum (3) sem leituðust við að reyna að lítillækka konur með tvíræðu eða ágengu tali, fasi eða skrifum, allt undir því yfirskeyni að þykjast vera fyndnir. Ekki fyndið.

Svo voru þeir sem ætluðust til að konur á þingi létu hvað sem er yfir sig ganga. Dæmi: Fulltrúi hagsmunaaðila mætir á nefndarfund, fullur eða ófullur, að kvöldi rétt fyrir jól. Ætlast til þess að geta kysst og/eða kjassað kvenkyns nefndarmann (mig) að vild. Það var bæði vandræðalegt og viðbjóðslegt.

Vafasöm tilboð og þaðan af verri ágengni virðast fylgja sumu alþjóðlegu starfi og ekki bætir úr skák ef þingkona er yfirlýstur feministi. Fannst stundum að það væri verið að reyna að kveða niður feminismann/feministann með þessu háttalagi og væntanlega að veifa einhverju sigurtákni á eftir. Vonskan, þegar það gekk ekki, gat verið ógnvekjandi. En við erum ekki hræddar.

114. Ég fékk tölvupóst fyrir nokkrum árum frá áhrifamiklum þingmanni flokksins sem fór fram á afsögn mína úr því embætti sem ég skipaði innan flokksins vegna þess að hann taldi mig (ranglega) bera ábyrgð á frétt sem honum líkaði ekki. Hann bað mig svo afsökunar. Síðar kom í ljós að hann hefði tilkynnt formanni flokksins og framkvæmdastjóra að hann hefði farið fram á leiðréttingu á fréttinni, hellt sér yfir nánustu samstarfskonu mína og tilkynnt að ef þetta yrði ekki gert hefði hann veiðileyfi á mig og hygðist nota það. Þessi maður er enn áberandi í stjórnámálum og álítur sig feminista.

115. Ég hef ekki mörg sögu að segja hef ekki verið fyrir kynferðisofbeldi eða áreitni af embætismenn eða stjórnámálamenn hér á Íslandi enn hef upplifuð annað tegund af áreitni og það er fordóma, vantraust og útlendingahatar í minn garð. Ekki er ég bara kona í stjórn mála ég er útlensk kona í stjórn mála. Þið hafið flest öll séð það sem fer fram opinbert í blöðum, samfélagsmiðlun og blessuð kommentkerfið. Það sem þið hafi ekki séð eða upplifuð er alls ekki fallett og vinnur gegn öryggi og sjálfstraust. Kannski stór ástæðu fyrir því að ég er virðist vera óörugg eða tilfinngarík.

Það er oftast en hægt er að hugsa ykkur, að mér er sagt að ég get eða á ekki að gera hlutinum, jafnvel að ég á ekki einu sinni að hugsa mér um að taka þátt eða bjóða mig fram eða profa hitt eða þetta því að það eru "aðrir" sem gæti sinnt því betur. Íslensku er ekki nóg góð eða ég skil ekki hluti nægilega vel er oft "mannsplained" (auðvitað mat örðum ekki mín). Bæði karlmenn og konur tala um hluti öðurvísi við mig (til dæmis hæga á tali, útskýra xtra mikið eða

segja hreinlega "nei þú skilir þetta ekki".) Hreinlega er oft bara talað niður til eða í kringum mig.

Verst er þegar ég frétti gegnum öðrum um hversu oft ég hef verið lítið fram hjá eingöngu vegna þess að ég er einmitt ekki bara kona heldur útlensk kona. Gott er að biðja mig að tala um málefni innflytjenda enn ekki alltaf er mér treyst að tala til dæmis um málefni tengd heilbrigðis, húsnæðis, velferðar eða útanríkismál.

Erfit er að tala um hversu oft ég upplifa slíku niðurlaging því að oftast eru fólk ekki að "meina" neitt, heldur þeim finnst að þau eru að gera mig greiða eða vernda mig. Svo er það þannig að þegar ég tek það nær mig þá er ég of viðkvæm eða að misskilja eða bara erfið kona. Hér er kannski gott að taka fram að ég upplifa það bæði af körlum og konum.

116. Ótal oft hef ég verið spurð þegar að ég hef verið í framboði til Alþingiskosninga hvernig í ósköpunum ég ætli mér að vera þingmaður eigandi 4 börn! Og svo þegar að ég hef 'bara' orðið varapringmaður þá koma athugasemdir eins og: Það er bara eins gott að þú komst ekki inn, börnin þurfa svo á þér að halda osfr. Svo koma endalausar yfirlýsingar þar sem að mér er 'tilkynnt' það að ég hafi ekki tíma fyrir hitt og þetta, fundi út á landi og slíkt, vegna þess að ég á svona mörg börn. Ég er ekki spurð, mér er það tilkynnt. Þessu sitja karlmenn í stjórnámálum ekki undir. Þetta eru ekkert annað en óþolandi fordómar og forsjárhyggja.

117. Ég byrjaði ung að starfa fyrir flokk og varð fljótlega formaður ungra í mínu sveitarfélagi. Ég treysti mér þó eingöngu að segja frá kynbundinni niðurlægingu. Gekk vel fyrst en svo fór að bera á í prófkjöri að efast væri mína greind sökum aldurs og kyns. Það hringdi í mig kk samflokksmaður þá og spurði hvort ég myndi ekki stilla ákveðnum frambjóðenda í 1.sæti. Ég sagði svo ekki vera ætlaði að stilla öðrum en hann lagði til í 1.sætið. Hann sagði þá: "viltu ekki tala við þessa þinn eða einhvern sem hefur vit á þessu." Ég man ekki hverju ég svaraði en það fyrsta sem ég gerði var að hringja í þann sem ég ætlaði mér að setja í 1.sæti og spyrja hvernig og hvort ég mætti vinna fyrir hann sem og ég gerði í nokkur ár. Hann varð minn lærifaðir í stjórnámálum og

talaði alltaf við mig sem jafningja þátt fyrir tæplega 40 ára aldursmun. Fyrir líklega 8 árum var mér boðið sæti ofarlega fyrir þann sama flokk í því sveitarfélagi sem ég bý í. Ég mætti á fund með tveim kkk tilbúin að ræða þau málefni sem ég vildi. Fljótlega fann ég að þeir kepptust við að segja mér að ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af ábyrgð eða þekkingu á málefnum, þá sagði annar þeirra:" okkur vantar svo konu í 2.sætið. Ég afþakkaði og afskiptum mínum við þann flokk lokið og stjórn málin sett á ís þá 28 ára. Ég treysti mér ekki að segja frá öðru áreiti.Í fyrra steig ég aftur inn í pólitíkina tók sæti ofarlega í öðrum stjórn málaflokki, eldri og gift kona og hef ekki fundið fyrir kynbundnu áreiti né fengið útlits ábendingar ennþá.

118. Ég lenti í því á mínum yngri árum (hér talar miðaldara kona 😊;-) að þingmanni fannst í lagi að vera mjög ágengur við mig sem ungan varaþingmann á einhverri skemmtuninni, ráðherra fannst við hæfi að leggja hönd á læri þegar ég var að ræða við hann mál sem mér fannst mjög mikilvægt (og NB tengdist lærinu mínu ekki neitt og heldur ekki lambakjöti ef því er að skipta) Ég hef ekki upplifa slíkt nú á síðstu árum og hélt (eða kanski réttara sagt vonaði) að þetta væri breytt, en svo er greinilega ekki. Breytum þessu.

119. Þegar ég var að stíga fyrstu skrefin mín sem þingmaður þá fékk ég símtöl frá eldri mönnum sem vildu heyra röddina mína. Það var sérstaklega einn sem gekk mjög langt og vann greinilega vinnu, þar sem hann var einn og samkvæmt símtalinu þá gisti hann á staðnum. Hann tók það fram hann væri kominn upp í rúm og vildi heyra rödd þessarar myndalegu konu sem væri komin á þing! Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu ömurlegt þetta var en hann fékk svo sannarlega að heyra að þetta væri ekki í boði. Þegar ég hitti hann síðar á viðburði innan flokksins, þar sem hann var með konu sinni, þá kom hann til mín og sagði það væri gott ef konan hans fengi ekki að vita af þessu. Ég hef aldrei og mun aldrei geta þennan mann. Það sem mig langaði að labba upp að konunni hans og segja henni frá. Ég gat það ekki, var ekki nógu sterk. Auk þessa voru það einkaskilaboð á Facebook frá mönnum. Skilaboð sem innihéldu athugasemdir um útlit mitt og framkomu. Þessi skilaboð bárust undantekningalaust um miðjar næstur, oftast um helgar.

Símtöl þar sem maður klæddi sig ekki við hæfi. Var ekki í nógu þröngum fötum, hárið ekki í lagi og framkoman auðvitað ... það var varla hægt að tala um það, svo hrikaleg var hún. Þetta voru alltaf símtöl frá karlmönnum. Einnig tek ég undir orð þeirra um að handabandið virtist ekki duga til að heilsa mér á fundum. Það þurfti í of mörgum tilfellum kossa og káf.

120. Gæti sagt ykkur hér frá ótal atvikum frá því ég fór að taka þátt í pólitísku starfi en sem fjölmiðlafulltrúi ráðherra átti ég "auðvitað" að vera í ástarsambandi við ráðherrann enda með öllu ómögulegt að kona innan við fertugt gæti verið í svo vandasömu starfi nema að vera að sofa hjá eldri manningnum sem var ráðherra. Þetta gekk svo langt að ég var skv. sögunum orðin ólétt eftir hann. Sú saga tröllreið öllu hér fyrir nokkrum árum og komst svo langt að mér var tilkynnt að frétt um málið og myndbirting var tilbúin á forsíðu Séð og heyrt...Mín starfsreynsla sem fjölmiðlakona á íslenskum og erlendum fjölmiðlum skipti engu máli, ég hlyti bara að vera komin þangað sem ég var af því ég svæfi hjá ráðherranum.

121. En mig langaði að nefna eitt sem mér hefur fundist óþægilegt á þingi en það er þegar þingkonur stíga í pontu og karlaráðherrarnir á ráðherrabeknum horfa upp og niður eftir rassinum á konunum í pontu. Ég hef séð þetta gerast ótal sinnum þegar stöllur mínar á þinginu standa og flytja ræður sínar og ég er alltaf ofur-meðvituð um þetta þegar ég stíg í pontuna í staðinn fyrir að einbeita mér 100% að því sem ég er að segja. Ég ætla ekki að nefna nöfn á þeim karlaráðherrum sem eru verstir með þetta en það er auðvelt að finna út úr því. Þetta er fullkomlega óviðeigandi hegðun og til þess gert að niðurlægja konur og taka þær á taugum. En er auðvitað svo ótrúlega afhjúpanði fyrir störukarlana.

122.

Ég var ung kona nýlega þrítug og var kosin í stjórn félagasamtaka, sem mér fannst heiður af, því ég var fyrsta konan sem var kosin í stjórn þessa félags, sem var gamalt og rótgróið.

Ég mætti á fyrsta fundinn með miklar væntingar og ætlaði að láta að mér kveða. Var slegin flöt á fyrsta fundi.

Byrjað var á að bjóða okkur velkomin sem voru að setjast ný í stjórnina og bætt við í lokin. „Við keyptum nýjan sófa í tilefni að það kona var að setjast í stjórnina“ Annar bætti við

„þau geta notað sófann hún og formaðurinn enda bæði einhleyp.“ (allir hlógu)
Vissi ekkert hverning ég átti að taka þessu og fann lengi vel til ööryggis í samskiptum við karlana.

123.

Ég var í kvennaboði uppúr 1990, gestgjafinn (góð vinkona mín) spurði hvort ég gæti ekki komið því í kring innan Kvinnalistsans að huggulegri konur veldust þar til áhrifa. Ég hváði og þá sagði hún að í hvert sinn sem Guðrún Halldórsdóttir birtist á skjánun færðu eiginmaður hennar og faðir að tala um hvað hún væri feit og hallærisleg og hlustuðu ekkert á það sem hún segði. -Ég spurði hvort það sama myndi ekki gerast ef þingkonan væri "hugguleg", þá færðu þeir bara að tala um hve hún væri sæt og fín því málið væri að þeir hlustuðu aldrei á konur. - Hún taldi sig vera að gera okkur greiða með því að koma þessum skilaboðum á framfæri.

124. Hef ekki upplifað kynferðislega áreitni en asnalegar athugasemdir sem eiga líklega að vera hrós, en ... hitta bara ekki í mark. Hér eru nokkur nýleg dæmi:

- Formaður félagasamtaka sem bauð í veislu og kynnti mig fyrir velunnurum og ráðherra með þessum orðum: „Sjáið hvað við eigum glæsilega bæjarfulltrúa!“
Leyfði mér að vera í kjól og á hælum þetta kvöld. Vitlausa ég!

125. Á þingi stjórnmalaflokks var unnið að því að koma jafnréttisákvæði inni samþykktir hans. Kvinnahreyfing flokksins og konum innan hans var sérlega umhugað að ná þessu í gegn og var ég ein þeirra sem beitti mér fyrir að ákvæðið yrði samþykkt. Þrátt fyrir að fjölmargir karlar hafi verið sama sinnis var þó nokkur hópur sem var ósáttur við fyrirhugaðar breytingar. Ég átti erindi fram í mannlaust stórt andyri meðan á fundinum stóð og var þar á gangi þegar 3 karlar komu út úr salnum í hinum enda þess. Einn þeirra tók sig útúr hópnum og gekk

til mín, (ca 20 metrar) tók um axlir mínar, beygði höfðuðið milli brjósta minna og kúgaðist og lét eins og hann væri að kasta upp. Mér varð um og ó en maðurinn gekk svo frá mér orðalaust og hvarf. Viðbrögð mín voru að fara að starfsmanni til að athuga hvort hún hefði séð þetta og hvort hún gæti staðfest að þetta hefði gerst, ég trúði því varla sjálf. Síðar um daginn, meðan á fundinum stóð, færði flokkssystir mín mannum plastpoka svona ef honum yrði óglatt aftur. Þegar ég kom heim daginn eftir að þinginu loknu beið mín tölvupóstur uppá tvær síður þar sem maðurinn, sem n.b. var lögræðimenntaður, baðst afsökunar á því að hafa rekist á mig í mannþrönginni! Árið eftir varð þessi maður þingmaður flokkisins en átti þar ekki langa setu.

- 126.** Mér var byrjað nauðgunarlyf á landsfundarhófi stjórnmaflokks, ég skammaðist mín alltaf fyrir að hafa þegið glas af ókunnugum manni, kenndi sjálfri mér um hvernig fór og ræddi þetta við fáa, en sem betur fer fór betur en á horfðist, það var gott fólk sem sá að ég var farin að missa fæturnar undan mér (eftir 2 hvítvínsglös) þarna er ég komin í blackout man lítið sem ekkert eftir þessu, en blessunarlega þá var mér skutlað heim, er þeim hjónum ævinlega þakklát, hefði getað endað með skelfingu. Finnst gott að það er vakning í þessum málum, takk fyrir þetta framtak, svona framkoma á ekki að lýðast. [#MEETOO](#)
- 127.** Ég er svo oft spurð að því hvernig ég geti starfað, ferðast vegna vinnu og átt fjögur börn og rekið heimili! Mín leið var að uppræta fyrst mína eigin fordóma og reyna að vera skítsama um svona athugasemdir - virkar oftast
- 128.** Fjórum árum síðar voru nokkrir karlar í mínum eigin flokki sem brugðu undir sig betri fætinum og bjuggu til nýja ófrægingarherferð gegn mér, sem ég nenni ekki að rifja upp, enda veit ég að ófrægingarherferðir eru alfa og omega í stjórnmálum og tek það ekki persónulega. Þetta er ekki persónuleg saga, hún er okkar allra, og margar okkar gætu án efa skrifað heilar bækur um okkar eigið "me too", en ég læt þetta duga að sinni.
- 129.** Upplifunin af því að vera svo oft eina konan eða ein tveggja kvenna í hópum (með strákunum) við ákvörðunatökur, undirbúning mála, plotta Og

jafnvel stundum „hleypt“ að borðinu þegar búið var að taka flestar ákvarðanirnar en það vantaði „fulltrúa“ kvenna við borðið til að allt liti betur út.

130. Fyrir um hundrað árum óttuðust sumir karlmenn það að konur fengju kosningarétt, hver ætti að sjá um börnin og heimilið? Og hvað kæmi næst, kannski framboð kvenna? Þegar Kvinnalístinn var stofnaður 1983 varð óttinn sá að þær kæmu konum inn á Alþingi og jafnvel málum sínum á dagskrá. Þegar undirskriftalisti kvenna úr stjórn málastarfi verður tilbúinn vona ég að næsti ótti þeirra verði sá að konur hætti að taka við góðum leiðbeiningum þeirra, athugasemdum, aðdráttunum, þukli og káfi.

131. -----

Sjálfsmýndin

Ég horfði í spegil

og málaði mynd.

En ég leyfði öðrum

að klára hana.

Þeir trömpuðu á henni

börðu og mörðu

meiddu og brutu.

Ég vildi ekki horfa

en málaði mynd.

Í þetta sinn ætla ég

að klára hana sjálf.

132. Einn aðili sem ég þurfti að vinna með á vettvangi sveitarstjórna var sífelld að spyrja mig hvernig nærbuxurnar væru á litinn eða bjóstahaldarinn og hvort það væri búnda í nærfötunum! Hann sagði líka við mig ýmislegt miður skemmtilegt og kleip mig. Nokkrir króðu mig af og reyndu að káfa á mér og kissa. Ég var oftast eina konan í nefndum og stjórnnum og fékk að heyra ýmsar mjög grófar athugasemdir en það lagaðist undrafljótt eftir að önnur kona bættist við. Þá var það ekki sjaldgæft að það gleymst að gefa konum orðið

eða að karlenn fengu orðið á undan þeim – en við konurnar létum það ekki líðast.

133. Vil deila með ykkur einni sögu sem ég setti á FB hjá mér:

Jújú, ég hef líka fengið að heyra þetta... þegar ég var 21 árs bauð ég mig fram í miðstjórn flokksins (sem var þá kosið á Landsfundi). Ég fékk næst flest atkvæði eða eitthvað um 600 að mig minnir. Mjög stolt enda hafði ég töluvert fyrir því að tala við sem flesta fundarmenn og kynna mig.

Þegar fundurinn var búin (í fleiri vikur eftir) þá fékk ég ítrekuð komment frá allskonar karlmönnum að það væri augljóst að ég væri að sofa hjá valdamönnum í flokknum, annars væri ég ekki komin í Miðstjórn flokksins. OG dæmin eru fleiri... OG ég er ekki þingmaður... heldur bara manneskja í félagastarfi stjórnmalaflokks.

Ótrúlega sorglegt hvar hausinn á fólki er!

134. Sagan sem mig langar að deila með ykkur er af þingmanni, karli, sem kjörinn var til þingsetu nokkru eftir að mínum þingferli lauk. Hann hringdi til mín, kynnti sig og sagðist þurfa að biðja mig afsökunar á ummælum sem hann hafði viðhaft um mig á bloggi og samfélagsmiðlum meðan ég starfaði sem þingmaður og barðist gegn kvennakúgun og kynferðisofbeldi. Ummælin hafði ég aldrei séð, enda gerði ég allt sem ég gat til að sneypa hjá dólgslægri umfjöllun um þingstörf mín (og persónu mína) meðan ég starfaði í stjórnmalum. En þingmanninum unga fyrirgef ég að sjálfsögðu umyrðalaust.

135. Ég var í kvennaboði uppúr 1990, gestgjafinn (góð vinkona mín) spurði hvort ég gæti ekki komið því í kring innan Kvinnalistsans að huggulegri konur veldust þar til áhrifa. Ég hváði og þá sagði hún að í hvert sinn sem Guðrún Halldórsdóttir birtist á skjánun færu eiginmaður hennar og faðir að tala um hvað hún væri feit og hallærisleg og hlustuðu ekkert á það sem hún segði. -Ég spurði hvort það sama myndi ekki gerast ef þingkonan væri "hugguleg", þá færu þeir bara að tala um hve hún væri sæt og fín því málið væri að þeir hlustuðu aldrei á konur. - Hún taldi sig vera að gera okkur greiða með því að koma þessum skilaboðum á framfæri.

- 136.** Góðu ráðin og vinalegu ábendingarnar sem mér bárust að kvöldlagi í kosningabaráttu – merkilegt nokk, bara frá körlum. Konur eiga sennilega bara engin góð ráð að gefa.
- Skólastjórinn (sem ég þekkti ekkert) sem gekk að mér í veislu í miðri kosningabaráttu og sagði: „Ég var að skoða bæklinginn, mikið rosalega myndastu vel. Og ekki ertu nú síðri í eigin persónu.“ Gekk svo í burtu með bjórinn sinn ... Ég, orðlaus. Svipurinn þó líklega kóðak móment.
 - Maðurinn sem ég hitti á kosningaskrifstofunni sem settist hjá mér og vildi fá að tala við mig „alveg út af fyrir sig af því að ég væri svo glæsileg“! ... Rantaði síðan stanslaust í hálf tíma um útlendingafordóma. Veit ekki hvort honum þótti ég jafn flott eftir það samtal samt.
 - Og loks þetta ... Eldri maðurinn sem kom og klappaði mér á kinnina að afstöðnum kosningum og sagði „Þú ert búin að standa þig vel“ ... Ég er 50 ára!